

47 norrænar konur sýna myndir og teikningar á Kjarvalsstöðum:

Að kynna öðrum myndlistarkonum og sjá hvað þær væru að gera

— það var megintilgangur okkar, segir Bergljót Ragnars, önnur þeirra kvenna sem átti hugmyndina að sýningunni

Hvað eru norrænar konur að mála um þessar myndir? Það er hægt að sjá með því að leggja leið sína á Kjarvals-

staði. Á laugardaginn var opnuð þar sýning á verkum 47 kvenna frá Norðurlöndum. Þetta er farandsýning,

styrkt af Norræna menningarmálasjóðnum. Hún var sett upp í Málmei fyrir ári síðan og fór síðan til Finn-

lands og Noregs og héðan fer hún til Árósa í Danmörku.

Það voru tvær listakonur, sem áttu hugmyndina að þessu fyrirtæki, önnur íslensk, Bergljót Ragnars, hin sænsk, Marianne Ágren.

„Þetta tók langan tíma,“ segir Bergljót, sem búið hefur í Kaupmannahöfn, en er að flytjast til Íslands. Hún hefur keypt sér hús á Eyrarbakka en vinnur í bili sem matráðskona við hraðfrystihús á Patreksfirði.

„Það var erfitt að sannfæra stjórnendur sjóða til norræns samstarfs um að sýning af þessu tagi ætti rétt á sér. En það tókst!“


Markmiðið var að sýna einungis verk eftir núlifandi listakonur. En þegar sýningin loks komst á laggirnar voru tvær þær elztu látnar, að vísu í hárrí elli, Sigrid Schauman frá Finnlandi 102ja ára og Vera Nilsson frá Svíþjóð rúmlega níuæð.

„Hafa konur sérstakt tjáningarform í myndlist?“ spurðum við Bergljótu. „Það vefst mjög fyrir mér að svara því,“ sagði hún. „En þær hafa aðra reynslu, lifa öðruvísi lífi, og síðast en ekki sízt hafa það yfirleitt verið karlmenn sem dæmdu list þeirra og ýttu oft verkum þeirra til hliðar.“

Það sem hvatti okkur mest til að berjast fyrir þessari sýningu var löngunin til að kynna öðrum myndlistarkonum og fá tækifæri til að sjá hvað þær væru að gera.“

Margar góðar konur hafa lagt þessu fyrirtæki lið, þ.á.m. danski listfræðingurinn Kirsten Andersen, sem kom hingað til að aðstoða við uppsetningu sýningarinnar, en er nú farin aftur.

Sex íslenskar listakonur taka þátt í sýningunni auk Bergljótar, þær Valgerður Bergsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Edda Jónsdóttir,




Unni Löwe, fædd 1943 í Noregi, málar konu á veitingastað, út frá þessum ljóðlinum eftir Marie Takvam: „Af því ég er kona. . . var munnur minn málaður eldraður, það átti að breyta mér í rós. En undir sólarlag teygist úr skugga mínum, unz hann verður eins og hárbeytt sverð.“



Birgit Ståhl-Nyberg, fædd í Svíþjóð 1928, rifjar upp minningar frá lífsbaráttu verkafólks á kreppuárunum en myndir hennar eru jafnframt lofsöngur til manneskjunnar, og um gleði þess að vinna saman að næsynjastörfum.



Þessi mynd heitir Eini vinurinn og er eftir Pirkko Valo frá Finnlandi. Pirkko er fædd 1943, hefur verið afkastamikil og haldið margar sýningar.



Eini færeyski þátttakandinn er Frida Zachariassen, fædd 1912. Hún lærði í Kaupmannahöfn og í Englandi, en hefur sjaldan sýnt utan Færeyja. Hún hefur gefið út þrjár barnabækur með eigin myndum.